# Professional Traditional Häftgrund

## Olíugrunnur innanhúss

### Efnislýsing

Professional Traditional Häftgrund er terpentínuþynnanlegur alkýðgrunnur með framúrskarandi viðloðun og góða þekju. Efnið er ætlað til innanhússnotkunar á ómálaða sem málaða fleti. Góð viðloðun Professional Traditional Häftgrund gerir það að verkum að aðeins þarf að léttpússa hála fleti áður en grunnað er. Það á við um flísar, lakkað tréverk, plastfilmuplötur og fleira.




### Meðhöndlun

Óhreina og málaða fleti skal þvo með Original Målartvätt og vatni áður en þeir eru málaðir. Slétta fleti skal pússa matta áður en grunnað er. Kvistir á ómáluðum viðarflötum skulu fyrst málaðir tvisvar sinnum með Original Kvistlack. Því næst má grunna með Professional Traditional Häftgrund. Ef þörf er á spörtlun skal það gert með Professional Snickeri eftir að grunnað hefur verið og léttslípað yfir. Slípið þurrt spartlyfirborðið með fínum sandpappír og fjarlægið allt ryk. Grunnið spartlið síðan og málið tvisvar sinnum yfir með valinni málningu.

Hvort sem Professional Traditional Häftgrund grunnur er notaður á ómálaðan eða áður málaðan flöt til betri viðloðunar skal ekki mála yfir flötinn fyrr en næsta dag til að tryggja sem bestan árangur.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss
**Tegund:** Alkýð
**Gljástig:** Almatt
**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 10 klst.
**Yfirmálun:** 16 klst.
**Lágmarkshiti við málun:** +5°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Alifatnafta (hreinsuð, lyktarlítil terpentína)
**Verkfæri:** Penslar, rúllur
**Þekja:** 5-8 fermetrar pr. lítra
**Pakkningar:** 0,5, 1, 2,5 og 10 lítra dósir
**Stofnar:** BW
**Hreinsun:** Alifatnafta (hreinsuð, lyktarlítil terpentína)
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC (fl. A/g) 350 g/l.): Inniheldur mest 349 g/l.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

SérEfni Síðumúla 22, 108 Reykjavík. Sími 517 0404, www.serefni.is